

L Ö G

um

skurðgröfur ríkisins og rekstur þeirra.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, í samráði við Búnaðarfélag Íslands, að kaupa 1 skurðgröfu á ári fyrst um sinn, af þeirri gerð, er henta þykir hér á landi. Heimild þessi nær einnig til þess að láta gera tilraunir um smíði og notkun á skurðgröfum.

2. gr.

Umsjón og starfræksla skurðgrafna þeirra, er ríkið á nú og keyptar verða, skal falin Búnaðarfélagi Íslands, en það skal hafa í sinni þjónustu mann, er hefir sérþekkingu í þeim efnun.

3. gr.

Búnaðarfélagi Íslands skal falið að láta gera mælingar, uppdrætti og áætlanir á þeim svæðum, þar sem áhugi er fyrir slíkum framkvæmdum og telja verður líklegt, að skurðgröfu verði við komið.

4. gr.

Nú hafa uppdrættir og áætlanir verið gerðar á einhverju svæði, og geta þá bændur þar myndað með sér áveitufélög samkv. 42.—44., 46. og 47. gr. vatnalaganna frá 1923, eða landþurkunarfélög samkv. 82. gr. sömu laga, og skal um stofnun þess félagsskapar og starfrækslu að öllu farið eftir fyrir-mælum vatnalaganna.

5. gr.

Nú er landþurkunar- eða áveitufélag myndað samkv. 4. gr. Ber því þá réttur til, svo fljótt sem ástæður leyfa, að fá eina eða fleiri af skurðgröfum ríkisins lánaðar, enda hagi svo til, að hentugt sé að nota þar skurðgröfu. Ríkið lánar skurðgröfurnar án endurgjalds, greiðir allan kostnað af flutningi

þeirra milli vinnustaða og sér um viðhald þeirra, en umsjónarmaður skurð- 59
grafnanna ræður verkstjóra til þeirra. Búnaðarfélag Íslands setur reglur um 19. maí
rekstur skurðgrafnanna.

6. gr.

Af kostnaði þeim, er leiðir af starfrækslu skurðgrafnanna, þar með
talið nauðsynlegt viðhald þeirra, varahlutir og vátrygging, þar sem þess er
þörf, greiðir ríkissjóður $\frac{1}{3}$, $\frac{1}{3}$ heimilast landþurkunar- eða áveitufélögunum
að útvega sér að láni, en $\frac{1}{3}$ skulu landeigendur leggja fram sjálfir, um leið
og verkið er framkvæmt.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. maí 1930.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.

L Ö G

um

breyting á áfengislögum, nr. 64, 7. maí 1928.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Aftan við 7. gr. laganna bætist:

Heimilt er að ákveða í reglum þessum, að brot gegn þeim varði sektum,
frá 100 til 500 krónum, nema þyngri hegning liggja við eftir lögum þessum.